

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 101/2008

frá 26. september 2008

um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2008 frá 14. mars 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1775/2005 frá 28. september 2005 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 26. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB) í IV. viðauka við samninginn:

„27. **32005 R 1775**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1775/2005 frá 28. september 2005 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas (Stjtið. ESB L 289, 3.11.2005, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 16. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um undanþágu frá ákvæðum reglugerðarinnar vegna flutningskerfa fyrir jarðgas í aðildarríkjunum sem gilda skal jafnlengi og undanþágur sem veittar hafa verið samkvæmt ákvæðum 28. gr. tilskipunar 2003/55/EB. Noregi hefur verið veitt staða nývaxtarmarkaðar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 28. gr. tilskipunar 2003/55/EB. Af þeim sökum gilda tekur reglugerðin ekki til Noregs fyrr en gildistími þeirrar undanþágu rennur út.
- b) Hlutaðeigandi EFTA-ríkjum skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundi nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðarétt.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1775/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 182, 10.7.2008, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 289, 3.11.2005, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING SAMNINGSADILA
vegna ákvörðunar nr. 101/2008

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1775/2005 frá 28.
september 2005 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas að því
er varðar EES-samninginn

Tveggja stöðu kerfi EES-samningsins (2. mgr. 93. gr.) veldur því að upptaka nýrrar EB-löggjafar er háð ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Leiðbeiningar samkvæmt reglugerðinni um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas binda öll aðildarríkin lagalega. Nýjar leiðbeiningar, svo og breytingar á eldri leiðbeiningum, verða því að teljast ný EB-löggjöf sem ekki verður tekin upp nema með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í samræmi við ákvæði 98. gr. EES-samningsins.